

Dómurinn er þeirrar skoðunar, að stefnandi hafi í málatilbúnaði sínum brotið gegn fyrirmælum 88. gr. og 105. gr. laga nr. 85/1936. Þykir þetta aðfinnsluvert.

Hrafn Bragason borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendum Ögmundi Jónssyni verkfræðingi og Rögnvaldi Þorlákssyni verkfræðingi.

Dómsorð:

Stefndi, Framkvæmdanefnd byggingaráætlunar, greiði stefnanda, Einari S. Kristjánssyni, kr. 180.000.00 með 7% ársvöxtum frá 1. ágúst 1970 til greiðsludags og kr. 30.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 1. nóvember 1973.

Nr. 169/1972: **Aron Guðbrandsson vegna Kauphallarinnar**
(sjálfur)

gegn

Hannesi h/f vegna Kauphallar Hannesar
(Páll S. Pálsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Benedikt Sigurjónsson,
Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Magnús Þ. Torfason.

Firma.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. desember 1972. Dómkröfur hans eru þær, að dæmt verði, að stefnda sé „óheimilt að nota nafnið eða heitið „Kauphöll“ í firmanafni sínu, er hann fékk skráð í firmaskrá Reykjavíkur 6. des. 1971“, og að stefnda verði dæmt skylt að viðlögðum 1.000 króna dagsektum til áfrýjanda „að láta má

það nafn út af firmaskránni“. Hann krefst og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt. Eru þeirra á meðal tvær tilkynningar til verzlanskrár Reykjavíkur. Er önnur þeirra undirrituð af stjórn stefnda 17. október 1973, og er hún svohljóðandi: „Hér með tilkynnist til Firmaskrár Reykjavíkur, að hlutafélagið Hannes h/f Reykjavík hefur frá og með deginum í dag afsalað Hannesi Þorsteinssyni, Skeljanesi 8, Reykjavík, firmað Kauphöll Hannesar, og rekur hann það á eigin ábyrgð. Svo sem áður hefur verið tilkynntur tilgangur fyrirtækisins, þ. e. kaup og sala fasteigna, verðbréfa, lánastarfsemi og annar skyldur atvinnurekstur“. Hin tilkynningin er undirrituð af Hannesi Þorsteinssyni sama dag. Segir þar svo: „Samkvæmt ofanrituðu rek ég með ótakmarkaðri ábyrgð firmað Kauphöll Hannesar hér í borg. Firmað rita ég þannig: pr. pr. Kauphöll Hannesar, Hannes Þorsteinsson.“

Samkvæmt áritun hefur tilkynningum þessum verið veitt viðtaka til skráningar í verzlanskrá Reykjavíkur klukkan 1005 hinn 18. október 1973, en þann dag var mál þetta flutt hér fyrir dómi. Að öðru leyti eru ekki komin fram gögn um skráningu þeirra í verzlanskrá. Hagga þær í engu sakaraðild Hannesar h/f, sbr. 1. mgr. 54. gr. laga nr. 85/1936.

Svo sem rakið er í héraðsdómi, var orðið „Kauphöllin“ skráð í verzlanskrá Reykjavíkur 31. maí 1934 sem heiti á fyrirtæki sameignarfélags þriggja manna. Hefur fyrirtækið starfað síðan með sama nafni, þótt eigendaskipti hafi orðið, en áfrýjandi hefur verið einkaeigandi þess síðan 1. janúar 1953.

Skilja verður dómkröfur áfrýjanda svo, að hann krefjist dóms um, að stefnda sé gagnvart honum óheimilt að nota nafnið „Kauphöll Hannesar“ í firma sínu.

Orðið kauphöll kemur fyrst fyrir í rituðu íslenzku máli, svo vitað sé, á síðari hluta 19. aldar og þá í sömu merkingu og orðið „börs“ á Norðurlandamálum. Hefur þessi merking orðsins haldizt í málinu, en í lögum hefur verið notað orðið

„kaupþing“ í sömu merkingu, sbr. 63. gr. laga nr. 10/1928 og 15. gr. laga nr. 10/1961. Því er ekki haldið fram, að fyrirtæki þau, sem í málinu greinir, séu eiginleg kaupþing.

Telja verður, að notkun almenns atvinnuheitis í skráðu firmanafni sé ekki til þess fallin að njóta verndar gegn því, að aðrir taki upp sama heiti í firmu sín, ef ekki kemur fleira til. Er þá álitaeft, hvort nafn það, sem áfrýjandi hefur fengið skráð og notað, skírskoti svo almennt til atvinnurekstrar áfrýjanda, að hann verði að hlíta því, að stefndi noti orðið kauphöll í firma sínu á þann hátt, sem hann hefur gert.

Nafnið „Kauphöllin“ bendir að vísu að nokkru leyti til þeirrar atvinnu áfrýjanda að annast kaupmiðlun verðbréfa, en nafnið er þó ekki með öllu án sérkenna. Áfrýjandi og fyrirrennarar hans höfðu notað nafnið í rúm 37 ár, þegar stefndi fékk skráð nafnið „Kauphöll Hannesar“. Í síðastgreindu nafni er orðið kauphöll bæði upphafsorð og aðalorð. Fyrirtæki málsaðilja reka í meginatriðum sömu atvinnu og á sama stað, og er því sú hættu nærtæk, að villzt verði á fyrirtækjunum vegna nafnlíkingar þeirra. Samkvæmt öllu þessu verður að telja, að notkun stefnda á orðunum „Kauphöll Hannesar“ í firma sínu sé af þessum ástæðum óheimil gagnvart áfrýjanda, sbr. 9. gr. laga nr. 84/1933 og 2. mgr. 10. gr. laga nr. 42/1903.

Hið stefnda hlutafélag, Hannes h/f, er stofnað 16. janúar 1971 og skráð í hlutafélagaskrá 7. október s. á. Tilgangur þess er talinn að „byggja, eiga og reka fasteignir, umboðssölu, heildsölu, iðnað, útlánastarfsemi, verðbréfavíðskipti og annan skyldan atvinnurekstur“. Samkvæmt því, sem ritað er í verðlanaskrá Reykjavíkur, tilkynnti hlutafélagið hinn 25. nóvember 1971, að það ræki „fyrirtæki með takmarkaðri ábyrgð undir firmanafninu: „Kauphöll Hannesar““. Enn fremur sagði í tilkynningunni, að Hannes Þorsteinsson, Skeljanesi 8, Reykjavík, hefði einn rétt til að skuldbinda firmað og væri undirskrift hans þannig: „pr. pr. Kauphöll Hannesar, Hannes Þorsteinsson“. Skráningarvaldsmanni bar að synja skráningar tilkynningar þessarar í verðlanaskrá, enda var stefnda, sem er hlutafélag, óheimilt að nota á tilteknum þætti atvinnu sinnar sérstakt firma, sem gaf eigi til kynna, að um væri að

ræða atvinnurekstur hlutafélags, sbr. 4. mgr. 9. gr. laga nr. 42/1903 og 2. gr. laga nr. 77/1921.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, og með vísun til 6. gr. laga nr. 42/1903 ber að dæma stefnda til að hlutast til um, að afmáð verði skráning firmaheitisins „Kauphöll Hannesar“ úr verzlunaskrá Reykjavíkur að viðlögðum 1.000 króna dagsektum til áfrýjanda, sbr. 2. mgr. 193. gr. laga nr. 85/1936. Skal fullnægjufrestur skyldunnar vera 15 dagar frá birtingu dóms þessa.

Rétt er, að stefndi greiði áfrýjanda samtals kr. 40.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð :

Stefnda, Hannesi h/f, skal óheimilt að nota nafnið „Kauphöll Hannesar“ í firma sínu, og er honum skylt að láta afmá nafnið úr verzlunaskrá Reykjavíkur að viðlögðum 1.000 króna dagsektum, sem renni til áfrýjanda, Arons Guðbrandssonar, en fullnægjufrestur skyldunnar er 15 dagar frá birtingu dóms þessa.

Stefndi greiði áfrýjanda kr. 40.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 7. desember 1972.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 5. desember s.l., hefur Kauphöllin, Reykjavík, höfðað fyrir sjó- og verzlunardóminum með stefnu, birtri 2. maí 1972, gegn hlutafélaginu Hannesi h/f, Reykjavík, og firma þess „Kauphöll Hannesar“, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði talið óheimilt að nota nafnið eða heitið Kauphöll í firmanafni sínu, er hann fékk skráð í firmaskrá Reykjavíkur 6. desember 1971, og dæmt skylt að viðlögðum 1.000 króna dagsektum að láta má það nafn af firmaskránni. Þá krefst stefnandi málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefnda.

Af hálfu stefnda eru þær dómkröfur gerðar, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda í máli þessu svo og að stefn-

andi verði dæmdur til þess að greiða honum málskostnað að skaðlausu.

Málavexti kveður stefnandi vera þá, að firmað Kauphöllin hafi verið stofnsett 31. maí 1934 og tilkynnt sama dag til firmaskrár Reykjavíkur. Stofnendur hafi verið: Stefán Bjarnason, Laufásvegi 46, Einar Kristjánsson, Sjafnargötu 6, og Einar Bjarnason, Tjarnargötu 49, allir í Reykjavík. Hafi þeir rekið fyrirtækið sem fullábyrgir félagar og hafi tilgangur þess verið: Kaup og sala fasteigna, verðbréfa, o. s. frv. og útvegum lána og lántakenda. Með tilkynningu, dags. 9. febrúar 1935 og skrásettri hjá firmaskrá 13. marz 1935, hafi Einar Bjarnason, Smáragötu 6, Reykjavík, gengið úr firmanu frá 1. september 1934, en í hans stað hafi komið Aron Guðbrandsson, Ránargötu 7, Reykjavík, sem félagi með ótakmarkaðri ábyrgð. Honum hafi jafnframt verið veitt prókúruumboð fyrir firmað. Með tilkynningum, dags. 20. og 28. nóvember 1935 og skrásettum hjá firmaskrá 3. desember 1935, hafi Einar Kristjánsson gengið úr fyrirtækinu frá 1. september 1935, en Stefán Bjarnason og Aron Guðbrandsson rekið það áfram. Með tilkynningu, skrásettri 5. febrúar 1953, hafi ekkja Stefáns Bjarnasonar, Þórey Þórðardóttir, selt hluta sinn í Kauphöllinni þann 1. janúar 1953 með eiganda sínum, Aron Guðbrandssyni, og sé hann frá þeim tíma einkaeigandi firmans. Samkvæmt framanskráðu hafi firmað Kauphöllin starfað óslitið frá 31. maí 1934, og einkaeigandi þess í dag keypti firmanafnið og viðskiptavild (goodwill) þess af stofnendum jafnframt því sem hann hafi rekið firmað bæði sem með eigandi frá 1. september 1934 og einkaeigandi frá 1. janúar 1953 til dagsins í dag. Í þau ár, sem Kauphöllin hafi starfað, hafi hún haft skráðan og verndaðan rétt að firmanafni sínu „Kauphöllin“. Hafi aðrir ekki notað nafnið eða heitið Kauphöll í firmanafni sínu, þar til í Lögbirtingablaði nr. 8 28. janúar 1972 hafi birt tilkynning til firmaskrár Reykjavíkur, þar sem segi, að hlutfélagið Hannes h/f reki fyrirtæki með ótakmarkaðri ábyrgð undir firmanafninu „Kauphöll Hannesar“. Tilkynning til firmaskrár sé dags. 5. nóvember 1971, en skrásett 6. desember 1971. Tilgangur firmans „Kauphöll Hannesar“ sé kaup og sala verðbréfa, fasteigna o. fl.

Kveður stefnandi, Kauphöllin, sig ekki geta unað því, að nýtt fyrirtæki, sem hafi auk þess með höndum sömu atvinnustarfsemi og stefnandi, taki upp í heilu lagi nafn annars firma í firmanafn sitt. Kveðst stefnandi því tilneyddur að höfða mál og fá rétt sinn staðfestan með dómi.

Til frekari stuðnings kröfum sínum bendir stefnandi á mikilvægi þess, að firmanafn njóti lögverndar. Fyrirtæki, sem starfað hafi um árabil og njóti trausts almennings, sé firmanafnið mjög mikils virði. Almenningsur þekki firmanafnið og viðurkenni það og í viðskiptum sé nafnið trygging viðskiptavina fyrir öruggri þjónustu. Firmavirðið (goodwill) sé þannig borið uppi af firmanafninu og sé því nauðsynlegt, að einkaréttur eigandans sé tryggður, því ef öðrum fyrirtækjum sé óhindrað leyft að taka upp sömu heiti, þá leiði það til óvissu og þess, að villzt verði á einkennum og grafið sé undan ofannefndu trausti. Ákvæði 9. gr. laga um varnir gegn óréttmætum verzlunarháttum eigi einmitt að tryggja það, að fyrirtæki, sem noti með fullum rétti löglegt firmanafn sitt, fái notið lögverndar.

Stefndi styður sýknukröfu sína m. a. þeim rökum, að firmað „Kauphöll Hannersar“ hafi verið skráð í Reykjavík 6. desember 1971. Firmað hafi verið skrásett án nokkurra athugasemda af háfu skráningarstjóra og hafi stefndi því þar með öðlazzt ótvíræðan rétt til þess að nota framvegis það firmanafn. Firmað Kauphöllin mun vera skráð í Reykjavík 31. maí 1934. Þegar firmað Kauphöllin hafi verið skráð á sínum tíma, hafi stofnandi þess ekki gætt þeirrar forsjálmi, sem sjálfsögð sé, þegar nafn sé valið á firma, því að þeir hafi tekið almennt heiti á þeirri starfrækslu, sem fram hafi átt að fara í fyrirtækinu, þ. e. Kauphöll. Þetta heiti uppfylli eitt sér á engan hátt þær kröfur, sem setja verði um firmanöfn, til þess að firmaeigandinn fái þann einkarétt til nafnsins, sem fólgin sé í því, að öðrum sé óheimilt að nota nafnið, vegna þess að notað hafi verið eitt sér almennt orð yfir eina tegund þjónustu. Þessi regla sé almenn og viðurkennd í dómum Hæstaréttar. Firmanafn þurfi að uppfylla þetta skilyrði til þess að fá einkarétt til nafnsins. Augljóst sé t. d., ef tekið sé hliðstætt dæmi, að ekki sé hægt að fá einkarétt á firmanafni eins og Lögfræðiskrifstofa og útiloka þannig alla aðra lögfræðinga frá notkun nafnsins í starfsemi sinni. Stefndi kveður firmanafn sitt uppfylla öll skilyrði, sem gera verði til firmanafna, það aðgreini firmað nægilega í samkeppni þess við önnur firmu og ekki sé hætt á ruglingi vegna nafnsins.

Stefndi kveðst mótmæla þeirri fullyrðingu, sem fram komi í dskj. nr. 6, þar sem dróttað sé að honum, að hann hafi valið nafnið í blekkingarskyni og til þess að villa um fyrir almenningi. Þetta sé alrangt og geti stefnandi ekki sakazt við sig, þótt stefnandi

sé eigandi að firmanafni, sem ekki hafi verið gætt nægrar fyrirhyggju um val á í upphafi.

Orðið „Kauphöll“ er almennt orð í íslenzku máli um miðstöð verðbréfavíðskipta (sbr. Íslenzk orðabók, útgefandi Bókaútgáfa Menningarsjóðs, Reykjavík, 1963, og Íslenzk-dönsk orðabók Sigfúsar Blöndals, útg. 1924, og Dönsk-íslenzk orðabók eftir Freysteinn Gunnarsson, útg. 1926). Auk þess er það almennt orð og algengt sem fyrri hluti samsettra orða, t. d. kauphallarviðskipti, kauphallarbrask.

Þetta orð hefur eigi í sér fólgin nægileg sérkenni til þess, að stefnandi geti á því viðskiptasviði, sem hér er um að tefla, öðlzt einkarétt til notkunar þess. Hann getur því ekki meinað stefnda að nota það á þann hátt, sem hann gerir í firmanafni sínu.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, ber að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Með skírskotun til 178. gr. laga nr. 85 frá 23. júní 1936 um meðferð einkamála í héraði þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Valgarður Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendum Jóni L. Arnalds ráðuneytisstjóra og Knúti Hallssyni skrifstofustjóra.

Dómsorð:

Stefndi, Hlutafélagið Hannes og firma þess, Kauphöll Hannesar, á að vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Kauphallarinnar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.
